



Ávarp Ólafs G. Einarssonar formanns bankaráðs á ársfundi Seðlabanka Íslands 23. mars 2004

Forsætisráðherra, hæstvirtu ráðherrar, forseti Alþingis, aðrir góðir gestir.

Fyrir hönd bankaráðs Seðlabanka Íslands býð ég ykkur velkomin til þessa 43. ársfundar bankans og segi fundinn settan. Að loknum inn-gangsorðum mínum mun formaður bankastjórnar Birgir Ísleifur Gunnarsson gefa yfirlit um þróun efnahags- og peningamála, stefnu bankans í peningamálum og framkvæmd hennar og horfurnar fram-undan. Að ræðu hans lokinni mun Davíð Oddsson forsætisráðherra ávarpa fundinn. Að loknum fundarstörfum er fundarmönnum boðið að þiggja veitingar.

Á fundi bankaráðs í dag staðfesti forsætisráðherra ársreikning bankans fyrir árið 2003 með áritun sinni.

Þrjú ár eru nú liðin frá því að umgjörð peningastefnunnar var breytt á Íslandi og Seðlabankanum sett verðból gumarkmið og ný lög. Hlutverk bankans varð vandasamara og meiri kröfur voru gerðar til hans en áður. Ég leyfi mér að fullyrða að bankinn hafi risið undir þeirri ábyrgð og að stefna hans í peningamálum hafi skilað þeim árangri sem vænst var. Að auki var bankanum falið hlutverk sem varðar stöðugleika fjár-málakerfisins. Það rækir hann m.a. með því að fylgjast með stöðu fjármálstofnana og fjármálakerfisins. Niðurstöður reglulegra úttekta eru birtar í ársfjórðungsritinu *Peningamálum*. Nýju löggin gerðu einnig kröfur til bankans um gagnsæi og reikningsskil gagnvart stjórnvöldum og almenningi. Þeim sinnir hann m.a. með öflugri útgáfustarfsemi og upplýsingamiðlun um heimasíðu sína á veraldarvefnum. Nýlega var kynnt sú breyting að frá og með árinu í ár kemur ársfjórðungsritið *Peningamál* út einum mánuði síðar en áður tíðkaðist, þ.e. í júní, september og desember. Um leið verður sú breyting að Seðlabankinn mun birta fullbúna þjóðhags- og verðból guspá tvisvar á ári, þ.e. í júní og desember, en í heftunum á milli verður birt greining á stöðu og horfum og uppfærðar spár eftir því sem tilefni gefst til hverju sinni. Með þessu fer Seðlabankinn að nokkru að dæmi annarra seðlabanka sem einnig hafa verðból gumarkmið sem kjölfestu peningastefnunnar. Í heftunum á milli verða birtar reglulegar úttektir Seðlabankans á fjár-málastöðugleika.

Sem fyrr segir staðfesti forsætisráðherra í dag ársreikning Seðlabankans fyrir árið 2003. Miklar breytingar urðu á efnahag bankans á því ári. Eignir og skuldir minnkuðu verulega og samsetning þeirra breyttist talsvert. Í árslok 2002 námu heildareignir bankans 117 milljörðum króna en lækkuðu um fjórðung í 87 milljarða króna í lok ársins 2003. Meginástæðan var sú að þörf innlánsstofnana og annarra fjármálastofnana fyrir fyrirgreiðslu í Seðlabankanum í formi endurhverfra viðskipta minnkaði mjög vegna lausafjárhrifa af völdum gjaldeyriskaupa Seðlabankans og lækkunar bindiskyldu. Gjaldeyriskaup bankans á innlendum millibankamarkaði gerðu honum kleift að greiða upp allar erlendar skammtímaskuldir sínar á árinu og auk þess að efla gjaldeyrisforðann um 21 milljarð króna. Tilgangur gjaldeyriskaupanna var einmitt að styrkja erlenda stöðu bankans og þar með trúverðugleika hans innanlands og utan til þess að sinna viðfangsefnum sínum. Alþjóðastofnanir og fyrirtæki sem meta láns hæfi höfðu oft bent á að efla þyrfti gjaldeyrisstöðu bankans, ekki síst í ljósi mikilla erlendra skulda þjóðarbúsins. Afleiðing bættrar gjaldeyrisstöðu og minni fyrirgreiðslu bankans við lánastofnanir varð m.a. sú að hlutur erlendra eigna jókst úr 32% í 67% heildareigna bankans. Á skuldahlíðinni minnkaði hlutur erlendra skulda úr tæpum 16% í líðlega 2% heildarskulda og eigin fjár og erlendar skammtímaskuldir vegna forða voru engar í lok ársins sem fyrr segir. Af framansögðu leiðir að afkoma bankans er orðin afar næm fyrir breytingum á gengi krónunnar. Formaður bankastjórnar mun í ræðu sinni víkja nánar að gjaldeyriskaupum bankans.

Seðlabanki Íslands er ekki rekinn með hagnaðarsjónarmið sérstaklega í huga og gildir annað um hann í þeim efnum en t.d. fjármála fyrirtæki í samkeppnisrekstri. Seðlabankanum eru sett ákveðin markmið í lögum. Veigamest þeirra eru að stuðla að stöðugu verðlagi og að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi. Þau skilyrði geta hæglega skapast að viðleitni Seðlabankans til þess að vinna að lögbundnum markmiðum sínum leiði til tímabundins bókfærðs rekstrartaps.

Á árinu 2003 varð lítils háttar tap á rekstri Seðlabankans og nam það 37 milljónum króna. Hreinar vaxtatekjur bankans lækkuðu um 1,9 milljarða króna, úr 3,1 í 1,2 milljarða króna. Vaxtatekjur bankans minnkuðu um 5,1 milljarð króna og vaxtagjöld að frátöldu gengistapi um 2,6 milljarða króna. Bókfært gengistap nam 1,9 milljörðum króna. Lækkun vaxtatekna skýrist af mun minni kröfum Seðlabankans á innlendar lánastofnanir og lægri vöxtum innanlands og utan en árið áður. Sem fyrr segir veldur eignasamsetning bankans því að afkoma hans er mjög næm fyrir gengisbreytingum. Bókfært gengistap 2003 skýrist annars vegar af gengishækkun krónunnar á árinu og hins vegar af því að Bandaríkjadalur vegur þyngra í gjaldeyrisforðanum en í gengisvog krónunnar. Af því leiðir að á ári eins og því síðasta þegar gengi

Bandaríkjadals lækkaði verulega gagnvart öðrum helstu gjaldmiðlum verður Seðlabankinn fyrir gengistapi. Við ákvörðun um vægi einstakra gjaldmiðla í gjaldeyrisforðanum hefur bankinn um árabil miðað við að sveiflur í erlendu virði hans séu lágmarkaðar og skýrir það að samsetning hans er önnur en gengisvogarinnar sem tekur alfarið mið af gjaldmiðlasamsetningu utanríkisviðskipta Þjóðarinnar. Reglur um samsetningu gjaldeyrisforðans eru endurskoðaðar árlega. Gengistapið í fyrra stafaði að u.þ.b. tveimur fimmtu hlutum af hækkun á gengi krónunnar á árinu og að öðru leyti af lækkuninni á gengi Bandaríkjadals. Svipað gildir um seðlabanka ýmissa nágrannalanda; þeir urðu fyrir gengistapi í liðnu ári.

Rekstrargjöld bankans á árinu námu liðlega 1,1 milljarði króna ef frá er talin sérstök gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindinga starfsmanna Þjóðhagsstofnunar. Sem kunnugt er greiddi Seðlabankinn helming rekstrar-kostnaðar Þjóðhagsstofnunar. Þessi sérstaka gjaldfærsla nam tæpum 200 milljónum króna og rýrði afkomu bankans um sömu fjárhæð. Um fullnaðaruppgjör var að ræða af hálfu bankans. Meðtalin í gjöldum er einnig riflega 30 m.kr. færsla vegna ótekens orlofs sem stafar af leiðréttri útreikningsaðferð frá fyrri árum. Þessir tveir óreglulegu liðir nema samtals um fimmtungi heildarrekstrarútgjalda bankans á árinu 2003 en munu ekki íþyngja rekstri bankans í framtíðinni. Í lok ársins voru starfsgildi í bankanum liðlega 110, svipað og árið áður.

Eins og ég hef þegar getið minnkaði efnahagsreikningur Seðlabankans verulega á liðnu ári og samsetning hans breyttist mjög. Endurhverf viðskipti bankans við lánastofnanir minnkuðu til muna og þar með kröfur bankans í íslenskum krónum á innlendar lánastofnanir. Í staðinn komu erlendar eignir sem bera mun lægri vexti en kröfur í íslenskum krónum. Gengisbreytingar ráða sem fyrr segir miklu um afkomu bankans. Ógerlegt er því að segja fyrir um hver hún verður í ár. Frammistaða bankans verður ekki metin af henni heldur af því hvernig honum tekst til við að ná lögbundnum markmiðum sínum. Frá því síðla árs 2002 hefur verðbólga verið rétt við eða lítilliga undir verðbólgu-markmiði bankans.

Í lögum um Seðlabankann sem samþykkt voru á Alþingi í maí 2001 er kveðið á um að bankaráð skuli kjörið að loknum alþingiskosningum. Í samræmi við það var nýtt bankaráð kosið sl. vor. Endurkjörin í bankaráðið voru Ólafur G. Einarsson, Hannes Hólmsteinn Gissurarson, Jón Sigurðsson, Ragnar Arnalds og Sigríður Stefánsdóttir. Nýir fulltrúar voru kjörin Helgi S. Guðmundsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Úr bankaráðinu hurfu Davíð Aðalsteinsson og Þröstur Ólafsson. Davíð Aðalsteinsson hafði setið í bankaráðinu óslitið frá árinu 1985 og verið varaformaður þess frá 1998. Þröstur Ólafsson hafði setið í bankaráðinu frá 1985 að frátöldum árunum 1990 til 1994. Hann var formaður

bankaráðsins frá 1994 til 1998 og hafði verið varamaður frá 1981 til 1985. Fyrir hönd Seðlabankans þakka ég Davíð Aðalsteinssyni og Þresti Ólafssyni afar góð störf í bankaráðinu og fyrir hönd þeirra sem áttu þess kost að sitja með þeim í bankaráðinu þakka ég ánægjulegt samstarf. Á fyrsta fundi hins nýkjörna bankaráðs sl. vor var Ólafur G. Einarsson kjörinn formaður og Helgi S. Guðmundsson varaformaður. Þá er þess að geta að Jónas Hallgrímsson framkvæmdastjóri var kjörinn í bankaráðið í október í stað Jóns Sigurðssonar. Bankaráðið hélt 20 fundi á árinu 2003.

Í ágúst 2003 skipaði forsætisráðherra Jón Sigurðsson í stöðu bankastjóra í Seðlabanka Íslands til 7 ára frá 1. október 2003. Jón er rekstrarhagfræðingur MBA og var áður háskólakennari, framkvæmdastjóri og verkefnisstjóri fyrir Verslunarráð Íslands og Samtök atvinnulífsins. Hann hafði setið í stjórnnum fyrirtækja og stofnana, í bankaráði Seðlabankans sem fyrr segir og var síðast stjórnarformaður Byggðastofnunar.

Góðir fundarmenn

Ég þakka fulltrúum í bankaráðinu einkar ánægjulegt samstarf og vel unnin störf. Þá þakka ég bankastjórn og starfsfólki bankans mjög góð störf á liðnu ári og farsælt samstarf við bankaráðið.